

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag vegna Skálahlíðar frá Baugshlíð.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þ. 14. desember sl. tillögu að deiliskipulag fyrir Skálahlíð frá Baugshlíð í Mosfellsbæ.

Tillagan gerir ráð fyrir því að Skálahlíð sem er vegur frá Hulduhólum, Hamrafelli og Skálatúni verði tengdur við Baugshlíð.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F. h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 6. mars 2006.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.